

Nafn:

Tími í speglun:

..... kl:

Staðsetning speglunardeilda:

- Fossvogur deild A3 sími: 543 6231
- Hringbraut deild 11D sími: 543 6150

Leitaðu upplýsinga í anddyri.

Athygli skal vakin á því aðstarfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni aðeða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferðsjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.


ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
LYFLÆKNINGASVIÐ I
FYRSTA ÚTGÁFA - OKTÓBER 2004
ÖNNUR ÚTGÁFA - FEBRÚAR 2007

HÖFUNÐAR:
HAFDÍS ARADÓTTIR OG ELÍN GUNNARSDÓTTIR,
HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

ÁBYRGÐ:
HERDÍS ÁSTRÁSDÓTTIR, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/AV

LIÓSMYND:
LIÓSMYNDAVEFUR MBLIS



5 690939 121942 >

Gallvegarannsókn

Upplýsingarit



Verið velkomin á speglunardeild

Hér fara á eftir upplýsingar um gallvegarannsókn. Við viljum hvetja þig að leita til hjúkrunarfræðinga eða lækna deildarinnar ef einhverjum spurningum er ósvarað eða eitthvað er óljóst.

Oft geta góðar upplýsingar dregið úr kvíða og gert rannsóknina þægilegri. Þú skalt því óhikað leita aðstoðar með fyrirspurnir sem þú kannt að hafa.

Gallvegarannsókn

Gallvegarannsókn er sérhæfð rannsókn á gallkerfi og brisgangi í gegnum speglunartæki. Rannsóknin er gerð á röntgendeild í samvinnu meltingarsérfræðinga og röntgenlækna. Þú þarft að fasta í 8 klukkustundir fyrir rannsóknina.

Vinsamlegast láttu lækni eða hjúkrunarfræðing á speglunardeild vita með viku fyrirvara ef þú tekur einhver lyf, t.d. járn, blóðþynningarlyf, bólgueyðandi lyf, verkjalyf með aspirini eða insulín.

Einnig er mjög mikilvægt að taka fram ef þú ert með lyfjaofnæmi eða sjúkdóm.

Hvernig fer speglunin fram

Fyrir speglunina er sett upp nál með plasttúpu, svokallaður æðaleggur, í handlegginn. Í gegnum hann færðu lyf í æð, oftast bæði róandi og verkjastillandi. Stundum eru gefin sýklalyf fyrir rannsóknina.

Þú liggur á vinstri hlið í spegluninni. Ef þú ert með gervitennur þarf að fjarlægja þær á meðan speglun fer fram. Þú færð staðdeyfingarúða í kokið, sem flestum finnst bragðvondur. Því næst er gefið róandi lyf í æð sem hjálpar þér að slaka á.

Speglunin er gerð með sveigjanlegri slöngu sem auðvelt er að renna niður um kokið, í gegnum magann og niður í skeifugörn. Í skeifugörninni opnast bris- og gallgangur í sameiginlegu opi. Fíngerður plastleggur er þræddur upp í gangana og röntgenskuggaefni dælt inn. Röntgenmyndir eru síðan teknar af gallkerfi og brisgangi. Þannig má komast að því hvort um einhvern sjúkdóm er að ræða, t.d. gallsteina, bólgur eða þrengsli.

Ef steinar eru í gallvegum er opið oft stækkað, þ.e. gerður er skurður í hringvöðvann og steinninn fjarlægður þannig.

Þú getur fundið fyrir smá vindspenningi, vegna loftsins sem dælt er inn í skeifugörn.

Eins og eftir margar sérhæfðar og flóknar rannsóknir geta komið fylgikvillar. Algengasti fylgikvillinn er brisbólga, sem oftast er væg. Sýkingar í gallvegum geta komið fyrir og ef gerður er hringvöðvaskurður, getur það í einstaka tilfellum leitt til blæðinga.

Að speglun lokinni

Ef þú liggur á sjúkrahúsinu þá ferðu á deildina þína að lokinni speglun. Ef þú kemur að heiman þarftu að dvelja að minnsta kosti 2 klukkustundir eftir speglunina, eða eftir þínum þörfum.

Þú mátt ekki aka bíl að speglun lokinni vegna lyfjanna sem þú færð og æskilegt er að þú fái fylgd heim. Þú mátt borða samkvæmt fyrirráðum lækna eftir speglunina.

Niðurstöður speglunarinnar og frekari leiðbeiningar færðu hjá læknum áður en þú ferð af deildinni. Alltaf þarf að biða í nokkra daga eftir niðurstöðum vefjasýna.

Vinsamlegast athugið

Sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.